



Skeifublaðið

2024



70 ára afmæli
Hestamannafélagsins
Grana



Dagskrá Skeifudagsins

13:00 Opnunaratriði

Opnunarávarp

Sýningaratriði nemenda í Hestafræði BS

Kynning nemenda í Reiðmennsku III í Búfræði á tamningatrippum

Sýningaratriði Hemla II

Útlenska reiðmennskan - Jessinia

B - Úrslit Gunnarsbikars

A - Úrslit Gunnarsbikars

Kaffihlaðborð á Mið-Fossum

Verðlaunaafhending

Dregið í stóðhestahappdrætti Grana

Stjórn Grana vill færa öllum þeim sem hafa komið að þessum degi, innilegar þakkir fyrir aðstoðina við þennan hátíðlega dag sem er haldinn fyrir okkur nemendur.

Okkur langar að þakka sérstaklega eftirfarandi aðilum fyrir samstarfið:

Guðbjarti Stefánssyni og Lindu Rún Pétursdóttur fyrir

reiðkennslu og bóklega kennslu í reiðmennsku.

Guðbjarti Stefánssyni og Ragnheiði Helgadóttur í hesthúsinu á Mið-Fossum

sem eru alltaf til taks og tilbúin að hjálpa ef þörf er á.

Lindu Sif og Rósu Björk fyrir utanumhald og aðstoð í gegnum ferlið, Þórunni Eddu fyrir

uppsetningu á Skeifublaði og Jósý fyrir prentunina á blaðinu.

Einnig þökkum við Kaupfélagi Borgfirðinga, Líflandi, Nettó, Kraumu, Kaffi Kyrrð,

Mjólkursamsölunni og Subway fyrir styrki í formi vinninga til okkar í vetur.

Innilegar þakkir til stóðhestseigenda sem gáfu toll/tolla í happdrættið fyrir mikla gjafmild

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem komu að okkar starfi í vetur.

Gleðilegt sumar!

Ávarp formanns Grana

SUNNA LIND SIGURJÓNSDÓTTIR

Ágætu gestir,

Mig langar að bjóða ykkur velkomin á Skeifudaginn og sjötíu ára afmæli hestamannafélagsins Grana.

Skeifudagurinn er haldinn árlega og er uppskeruhátíð nemenda sem eru að útskrifast úr reiðmennskuáföngum af bændadeild. Í dag verða hrossin tekin til kostanna og afrakstur vetrarins sýndur. Það hefur verið virkilega gaman síðastliðin tvö ár að fá að fylgja hópnum ásamt því að sjá framfarir hjá hverjum og einum og njóta þeirra forréttinda að læra af þeim ásamt því að ræða um öll heimsins mál. Þetta eru stundir sem munu seint gleymast og munu eflaust nýtast í framtíðinni.

Hestamannafélagið Grani var stofnað árið 1954 sem gefur til kynna að félagið er sjötugt nú í ár. Hefur hestamannafélagið haft það að leiðarljósi að koma hestamönnum skólans saman, kynna fyrir þeim hinar ýmsu hliðar á hestamenskunni og hjálpa nemendum að komast á hærra plan með sín hross. Þá hefur Grani reynt að vera duglegur við að halda sýnikennslur, skemmtimót, reiðtúra og aðra viðburði sem hrista hópinn saman og eru jafnframt fræðandi. Ágóðinn af fjáröflunum Grana rennur síðan til áframhaldandi félagsstarfs í þágu nemenda við skólann ásamt því að fjárfesta í ýmissi uppbyggingu og bættri aðstöðu fyrir nemendur.

Síðastliðið ár hefur verið viðburðarríkt hjá hestamannafélaginu Grana og hafa félagsmeðlimir verið virkir að taka þátt í öllum þeim viðburðum sem haldnir hafa verið.



Veturinn hjá stjórn Grana byrjaði á því að taka fjóra nýja kvenskörungum inn í stjórn og hafa þær staðið sig með þryði. Þriðjudaginn 14. nóvember hélt stjórnin árlega Óvissuferð Grana og mættu rúmlega 50 nemendur skólans og var ferðinni heitið á Skipaskaga og Skipanes þar sem var endað á að grilla pylsur ofan í mannskapinn. Þökkum við eigendum búanna fyrir höfðinglegar móttökur sem gerðu ferðina eftirminnilega.

Á árinu voru tvö skemmtimót haldin fyrir nemendur skólans. Það fyrra var Grímumót Grana þar sem keppendur klæddu sig í búninga og sýndu hvað í þeim og hrossunum bjó. Einnig var verðlaunað fyrir besta búninginn og lögðu keppendur mikinn metnað í að skreyta sig og jafnvel hrossið, áttu dómara erfitt með að velja uppistandandi sigurvegara. Seinna mótið var Mjólkurtölt þar sem keppendur kepptust við að ríða tvo hringi á vellinum á sem stystum tíma ásamt því að hella sem minnst úr mjólkurglasinu sem þeir héldu á. Eftir mótið fengum við trúbadorinn Kristján Arason til að slíta nokkra „G-strengi“ á barnum. Bæði mótin vöktu mikla lukku hjá keppendum sem og áhorfendum.

Í febrúar var stjórn Grana með sína árlegu fatasölu. Fengum við tilboð í fót frá versluninni Lífland ásamt fyrirtækinu Sérmerkt ehf. Salan gekk vel og er gaman að sjá fólk njóta góðs



fatnaðar á betra verði en annars væri.

Eftir áramót vikum við aðeins frá gömlum vana og héldum tvö opin gæðingamót. Þann 15. febrúar hélt stjórnin Gæðingamót Grana þar sem keppt var í sérstakri forkeppni í B-flokki, í minna og meira vönnum. Á vellinum mátti sjá fjölmarga gæðinga ásamt knöpum sínum spreyta sig. Lokamótið var síðan haldið mánudaginn 4. mars þar sem fór fram Gæðingatölt Grana. Mótinu var vel tekið og voru 32 hross skráð til leiks innan sem og utan skólans og komu gríðarlega mörg sterk hross til að etja kappi saman. Til gamans má geta að í

meira vönnum var lægsta einkuninn í úrslitum 8,48 sem má teljast mjög gott, sér í lagi á þessum tíma ársins.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komu að okkar starfi í vetur fyrir þeirra óeigingjarna framlag á þessu skólaári sem er að líða og óska nýútskrifuðum samnemendum mínum til lukku með áfangann. Einnig vil ég þakka ykkur fyrir komuna á Skeifudaginn og óska ykkur velfarnaðar heim.

Gleðilegt sumar!



ÚTGEFANDI:

Hestamannafélagið Grani á Hvanneyri,
granilbhi@gmail.com

RITSTJÓRN OG ÁBYRGÐARMENN:

Sunna Linda Sigurjónsdóttir, Katrín Diljá Vignisdóttir
og Ingiberg Daði Kjartansson

UPPSETNING Á BLAÐI:

Þórunn Edda Bjarnadóttir

FORSÍÐUMYND:

Nemendur í Reiðmennsku III í Búfræði. Mynd:
Jessinia Wallach

PISTLAR UM NEMENDUR:

Bragi Geir Bjarnason, Sigríður Ósk Jónsdóttir og

Sunna Lind Sigurjónsdóttir



STJÓRN GRANA VETURINN 2023-2024:

Sunna Lind Sigurjónsdóttir - formaður
Katrín Diljá Vignisdóttir - varaformaður
Melkorka Gunnarsdóttir - gjaldkeri
Sigríður Ósk Jónsdóttir – ritari

Meðstjórnendur:

Ingiberg Daði Kjartansson
Sara Ægisdóttir
Helena Sól Elíasdóttir
Laufey Ósk Grímsdóttir
Eyjalín Harpa Eyjólfssdóttir
Guðný Rúna Vésteinsdóttir
Magnús Þór Guðmundsson



Ávarp reiðkennara Lbhí

GUÐBJARTUR ÞÓR STEFÁNSSON, REIÐKENNARI Í BÚFRÆÐI

Upp er runninn Skeifudagur, sá dagur sem beðið hefur verið eftir síðan leikar hófust haustið 2022. Skeifudagurinn á sér mikla og ríka sögu hér við skólann. Hann hefur verið haldinn sleitulaust síðan 1957 og er lokahnykkurinn í reiðmennskunámi verðandi búfræðinga. Þó er biðin misjöfn fyrir nemendurna. Þau ganga í gegnum ýmsar tilfinningar þegar talið berst að Skeifudeginum. Stress, feimni og tilhlökkun er það sem flest þeirra ganga í gegnum fyrir daginn en eftir daginn skín stoltið af þeim yfir að

hafa tekist á við sjálf sig, haldið áfram og klárað daginn. Væntumþykjan til samnemenda sinna sem hafa gengið í gegnum ferðalagið með þeim, að ógleymdum hestunum sem hafa fylgt þeim í gegnum þetta allt saman.

Heimfæra má oft tilfinningar nemenda yfir á tamninguna og vinnuna við hestinn. Við þurfum að temja okkur rétt og örugg vinnubrögð við nálgun hesta, læra að takast á við stressið sem fylgir stórum stundum í ferlinu, t.d. þegar farið er á bak í fyrsta skipti. Eins þarf að yfirstíga feimnina þegar við notum líkamstjáningu og rödd til að hafa samskipti við hestinn. Það þarf að halda ótrauð áfram þegar að áskoranir mæta okkur og vera óhrædd við að prófa aðrar leiðir til lausnar. Að endingu er það svo stoltið yfir því að hafa tamið og þjálfað sinn hest sem fyllir brjóst nemenda sem og tilhlökkunin fyrir verðandi verkefnum.

Þegar upp er staðið og við förum yfir ferlið áttum við okkur á því hvað hesturinn hefur kennt okkur mikið um okkur sjálf og hvernig allur þessi tími í vetur sem við höfum eytt með honum, hugsað um hann og gert honum allt til góðs skilur eftir sig yl í hjarta.

Dagurinn er ykkar





Ávarp reiðkennara Lbhí

LINDA RÚN PÉTURSDÓTTIR, REIÐKENNARI Í HESTAFRÆÐI BS

Nemendur í Reiðmennsku 1 hafa nú lokið, Knapþjálfun, bóklegum fögum í reiðmennsku og verklegum hluta þar sem þau mæta með sín hross. Í Knapþjálfun er áherslan lögð á að nemendur öðlist meiri skilning og þekkingu á sínum líkama og nýti það til að bæta sína ásetu. Bætt áseta stuðlar að betra jafnvægi, nákvæmari ábendingum og þar af leiðandi bættum samskiptum milli manns og hests. Þjálfun knapans er ekki síður mikilvæg þar sem tveir íþróttamenn vinna saman og því mikilvægt að samvinna þeirra sé góð til að þeir geti stundað íþróttina á sem bestan og skemmtilegastan hátt.

Knapþjálfunin fer fram að mestu frá jörðu með hinum ýmsu æfingum þar sem unnið er með þol og styrk. Þar er áhersla lögð á það að nemendur öðlist betri líkamsvitund og fái reynslu í því að hanna sín þjálfunarprógrömm sem hjálpa þeim að vinna að bættri ásetu. Í Reiðmennsku I eru einnig teknar fyrir ásetuæfingar í hringtaum og þá halda nemendur áfram að vinna með það sem þau hafa lært um sinn líkama og hver þeirra áhersla er til að bæta sína ásetu. Ásamt knapþjálfun eru



nemendur undirbúnir fyrir áframhaldandi áfanga í reiðmennsku með snúrumúls og vaðvinnu og þjálfu sína hesta undir leiðsögn reiðkennara. Í lok áfangans þreyta nemendur próf í Knapamerki 1 og 2 bæði verklegt og bóklegt. Það hefur verið gaman að vinna með nemendum og er áhugi þeirra mikill þau hafa öll sínt gríðarlega miklar framfarir, metnað og natni. Áframhaldandi vinna með þeim verður spennandi.

Takk fyrir veturinn

Ávarp brautarstjóra búvísinda og hestafræði BS

ANNA GUÐRÚN ÞÓRÐARDÓTTIR, AÐJÚNK

Ágætu Granafélagar og velunnarar; innilega til hamingju með Skeifudaginn 2024!

Nú þegar Skeifan er veitt í 67. sinn, er ekki úr vegi að líta yfir söguna. Á lista yfir Skeifuhafa frá 1957 er að finna ýmsa stórhöfðingja sem að skóla loknum hafa lagt hestamennsku og landbúnaði lið á einn eða annan hátt. Þeim má svo ekki gleyma sem kepptu og tóku þátt í hverri Skeifukeppni; þó eitthvað hafi orðið til þess að þeir sömu hafi ekki borið sigur úr bítum á sjálfan Skeifudaginn er enginn vafi að í þeirra röðum sé að finna merkisfólk sem jafnframt hefur lagt sitt af mörkum í framþróun greinarinnar.

Hvern Skeifudag útskrifast ný kynslóð hestamanna, sem fetar í raðir forvera sinna og heldur áfram að þróa greinina. Á tímum tækni- og margmiðlunarbyltingar hefur hestamennska og hrossarækt líklega aldrei verið stunduð frammi fyrir augum jafn margra aðila. Aðferðir í hrossahaldi eru undir smásjá samfélagsins og því brýnt að ný kynslóð leggist ekki í vörn, falli í þá gryfju að svara með „Svona hefur þetta nú alltaf verið gert“ - heldur sæki fram í fræðslu og rannsóknum.

Við eigum ótal spurningum eftir að svara þegar kemur að ræktun og umhirðu íslenska hestsins, og liggja þar öll fræðasvið undir. „Hversu þungan knapa má íslenski hesturinn bera?“, „Er sykursýki að aukast í íslenskum hrossum?“, „Hver er raunveruleg velferð útigangshrossa um hávetur?“, eru dæmi um spurningar sem heyrast æ oftast, og bestu svörin verða seint veitt nema með rökstuðningi af vönduðum rannsóknum. Það þarf



varla að tala fyrir ágæti menntunar á sjálfan Skeifudag Landbúnaðarháskólans, hver nemandi getur eflaust talið upp ófá skipti sem hann lærði eitthvað nýtt í vetur – en mig langar að taka sérstaklega fram hér að í gegnum nám er hægt að taka virkan þátt í rannsóknum.

Við Landbúnaðarháskólann eru bæði kennd Búvísindi og Hestafræði, en á margan hátt eru greinarnar töluvert tengdar. Við endurskoðun námsskrár Búvísinda í vetur tók Hestafræðin óhjákvæmilega einhverjum breytingum líka. Í uppfærðri námsskrá er lögð áhersla á að nemendur fái traustan grunn í raungreinum, sem nýtist þeim á fagsviðum landbúnaðar og búfjárræktar, svo sem í fóðurfræði, kynbótafræði og atferli og velferð búfjár. Í nýrri námsskrá koma nemendur til með að sitja ráðstefnudaga tvisvar á hverjum vetri, þar sem fengnir verða sérfræðingar og rannsakendur á ýmsum sviðum til að kynna fyrir nemendum yfirstandandi rannsóknir og möguleika til framtíðar. Þá er líklegt að áhugasamir nemendur fái góðar hugmyndir að lokaverkefnum, sem



nýtast beint til þróunar búgreina.

Að 1,5 námsári loknu greinist Hestafræðinámið síðan hægt og rólega frá Búvísindanáminu. Að vori 2. námsárs taka nemendur námskeið í járningum og hófhirðu, og fá þjálfun í kynbótadómum hrossa. Þriðja námsárið er síðan keyrt nær eingöngu á sérhæfðum hestafræði- og reiðmennskufögum. Nemendur byrja haustið á að læra fortamningar, stunda knapabjálfun, auk þess sem þeir vinna með eigin hest undir leiðsögn reiðkennara. Þeir nemendur sem vilja aukna verklega reynslu hafa tök á að velja vinnulagsnámskeið, þar sem þeim verður útvegað hrossaræktarþú eða tamningastöð og fá tækifæri til að aðstoða ábúendur við dagleg störf. Eftir áramót halda nemendur áfram í reiðmennsku, með það að lokamarkmiði að ríða vandað fjórgangsprógramm. Þá þreyta nemendur námskeið í kynbótum búfjárstofna, og stoð- og hreyfifræði hrossa. Í lok annar skila

nemendur svo 10 eininga BS-verkefni undir leiðsögn leiðbeinanda.

Við BS-verkefnavinnu kemur metnaður nemenda oft sterkast í ljós, þeir fá stórar hugmyndir og ætla sér að leysa heimsmálin. Það kemur oft í hlut brautarstjóra að taka í taumana og minna nemendur á að BS-verkefnið sé þó ekki nema 10 einingar, og sum heimsmál sé ekki hægt að leysa á einni vorönn. Ég fyllist hins vegar oft eldmóði fyrir hönd þessara metnaðarfullu nemenda, vil sjálf sjá þessum spurningum svarað og hvet því alla sem eiga í hlut að halda áfram. Að loknu BS-námi er hægt að halda áfram í meistaranám, og að því loknu er hægt að halda áfram í doktorsnám. Tækifærin til að leysa heimsmálin og svara áleitum spurningum með vönduðum rannsóknum eru því ótal mörg.

Framtíðin er ykkar – Gangi ykkur vel!

Takk Guðbjartur!

Beint úr kynbótaræktuninni á Skipanesi mætti Guðbjartur kokhraustur á Mið-Fossa til þess að reyna hafa stjórn á nemendum af bændadeildinni á Hvanneyri. Oftar en ekki reyndist það vera meiri þrauttraun en hann reiknaði með og oft var auðveldara að hafa hemil á hrossunum en nemendunum. En hann Guðbjartur okkar gerði það alltaf (yfirleitt) með bros á vör. Sama hvaða dag eða tíma dags var hægt að leita ráða til Guðbjarts sem var tilbúinn að deila vitneskju sinni með okkur, þó oftar en ekki var svarið hans „hvað myndir þú gera?“ til að auka sjálfstæði okkar. Stundum heyrði hann þó of mikið, að hans eigin sögn, þegar slúðurhornið byrjaði með sögum af fimmtudagskvöldum.

Hann hafði þó mikið jafnaðargeð og ómælda þolinmæði fyrir okkur sama á hverju bjátaði. Guðbjartur á mikla þökk skilið fyrir að hafa yfirumsjón með öllum okkar hrossum á Mið-Fossum og sjá um gjafir að mikilli natni.

Guðbjartur var kennari sem kom sér í virðulega stöðu sem allir kennarar ættu að reyna tileinka sér. Hann var mikill félagi okkar sem hægt var að leita til með hvað sem er en hlaut samt sem áður okkar virðingu og traust.

Við í öðrum bekk úr reiðmennsku viljum þakka fyrir aðstoðina og samverustundirnar okkar síðastliðin tvö ár.

Takk Guðbjartur!

Lýstu Guðbjarti í PREMUR orðum:

„Liðlegur, úrræðagóður og glettinn“

Sunna Lind Sigurjónsdóttir

„Rólegur, eflandi og spaugsamur“

Lára Guðnadóttir

„Þolinmóður, jákvæður og lausnarmiðaður“

Bragi Geir Bjarnason

„Hárprúður og þolinmóður stóðhestur“

Hildur Ósk Þórsdóttir

„Hár, klár og hjálpsamur“

Jón Halldór Torfason

„Skemmtilegur, hjartahlýr og ástríðufullur“

Jessinia Wallach

„Hvetjandi, hress og góður kennari“

Heiðrún Hrund Sigurðardóttir



Verðlaun sem veitt eru 2024

MORGUNBLAÐSSKEIFAN

Var fyrst veitt við skólaslit Bændaskólans á Hvanneyri þann 4. maí 1957. Morgunblaðið vildi sýna virðingu fyrir þessari fornu og fögru íþróttar, hestamenskunnar. Morgunblaðskeifan er veitt þeim nemenda sem hefur náð bestum samanlögðum árangri í frumtamningarprófi og í reiðmennsku III.

GUNNARBIKARINN

Hefur verið veittur síðan 2008 og er gefinn af Bændasamtökum Íslands til minningar um Gunnar Bjarnason, fyrrum hrossaræktarráðunaut og kennara á Hvanneyri. Gunnar sýndi mikið frumkvæði í starfi sínu sem reiðkennari og var fyrstur til að kenna nemendum sínum að temja hesta sér til reiðar. Hefur slík kenning haldist nær óslitin síðan. Gunnarsbikarinn er veittur þeim nemenda sem hlýtur hæstu einkunn í fjórgangi en fara úrslit úr keppninni fram á Skeifudaginn. Þátttökurétt í þessari keppni hafa allir nemendur reiðmennsku III í búfræði og háskóladeild Lbhí.

EIÐFAXABIKARINN

Hefur verið veittur síðan 1978, hann er veittur þeim nemenda sem hlýtur bestu einkunn fyrir bóklegt í Reiðmennsku I-III í búfræði.

ÁSETUVERÐLAUN FÉLAGS

TAMNINGAMANNA

Hafa verið veitt frá árinu 1971 og hlýtur þau sá nemandi sem þykir sitja hest sinn sem best. Ásetan skal vera falleg og notuð til að stjórna hestinum.

FRAMFARABIKAR REYNIS

Hefur verið veittur síðan árið 2013 þeim nemenda sem hefur sýnt hvað mestan áhuga, ástundun og tekið sem mestum framförum í Reiðmennsku I – III í búfræði. Þessi verðlaun er gjöf frá Hestamannafélagi Grana til minningar um Reyni Aðalsteinsson og alla þá kunnáttu sem hann kom með og þá frábæru hluti sem hann gerði fyrir hestamenskuna á Hvanneyri og víðar.

Verðlaunahafar 2024

MORGUNBLAÐSSKEIFAN

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____

GUNNARSBÍKARINN

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____

EIÐFAXABÍKARINN HLAUT: _____

ÁSETUVERÐLAUN F.T. HLAUT: _____

FRAMFARABÍKAR REYNIS HLAUT: _____



NEMENDUR Í BÚFRÆÐI

KYNNING

Nemendur í búfræði sem velja reiðmennsku í náminu sínu taka þrjá áfanga:

REIM1RA04 Reiðmennska I (*fyrsta námsár, haust*)

Farið er m.a. yfir og æfðar helstu gerðir ásetu, rétt taumhald, helstu ábendingar og notkun þeirra. Ásamt því hvernig á að stjórna fótum hests við hendi með snúrumúl og vað. Í reiðlistarhlutanum er þjálfað tölt, kenndar æfingar við hendi og í reið til að bæta þjálni og mýkt sem er mikilvæg undirstaða góðs tölts. Einnig er farið í grunnþætti í atferli, eðli og hegðun hesta. Fjallað er um líkamsbygginguna og líkamshluta hesta ásamt gangtegundum íslenska hestsins.

REIM2RB04 Reiðmennska II - Fortamningar (*annað námsár, haust*)

Byrjað er á að vinna við að fortemja trippi sem er mikilvægur þáttur til að skilja og meta eðli og geðslag hrossa. Unnið er með unghross 2-3 vetra, að venja þau manningum, að teymast og bregðast við áreiti. Kenndar eru aðferðir við að nota snúrumúl og vað til að bæta samskipti manns og hests ásamt því að gera hestinn þjálari og mýkri. Einnig er farið í að skoða stig þjálfunar með áherslu á orsakir og afleiðingar misstyrks hrossa. Að nota réttar aðferðir og æfingar til að leiðrétta misstyrk.

REIM1RC04 Reiðmennska III (*annað námsár, vor*)

Unnið er með taminn hest með því markmiði að bæta hann sem reiðhest. Farið er yfir uppbyggingu, þjálfunartíma og grundvallaratriði fimíæfinga. Hvernig má nýta slár, hindranir og aðrar þrautir til að auka fjölbreytni í þjálfun. Jafnframt koma nemendur með ótaminn hest sem þeir frumtemja og læra þar að beita aðferðum sem stuðla að heilbrigði, öryggis og velferð bæði manns og hests. Einnig er farið yfir stig þjálfunar, líkamsbeitingu og mun á réttri og rangri líkamsbeitingu reiðhrossa.

BRAGI GEIR BJARNASON



TAMNINGATRIPIPI

Galsi frá Árbæjarhjáleigu 2 2018

Brúnstjörnóttur

Móðir: Vakning frá Skarði

Faðir: Glóðar frá Reykjavík

Ræktandi og eigandi:

Kristinn Guðnason

REIÐHESTUR

Hlini frá Holtabrún 2011

Bleikálóttur

Móðir: Vildís frá Skarði

Faðir: Þytur frá Neðra-Seli

Ræktandi: Hulda G. Geirsdóttir

Eigandi: Hulda G Geirsd. og Bjarni Bragason

Bragi Geir kom beint úr höfuðborginni og með hestinn sinn Hlina frá Holtabrún. Hægt er að segja að þeir tveir séu flottir saman enda báðir úr ræktun Huldu Geirs. Hann Hlini og Bragi eiga margt sameiginlegt en báðir drekka mikið úr sérviskubrunninum þó svo Bragi kalli það viskubrunnin. Bragi og Hlini eru þó ekki alltaf á sömu blaðsíðunni og á Bragi það til að missa jafnaðargeðið þegar hesturinn missir samstarfsviljann en ekki þarf meira en að nefna hann Þrist frá Feti og skapið er komið aftur í lag.

Nú í Reiðmennsku III kom Bragi með trippið Galsa frá Árbæjarhjáleigu 2 og gekk tamninginn eins og í sögu. Það helsta sem Guðbjartur

reiðkennari þarf að gera þegar kemur að Braga og Galsa er að minna Braga á að anda, en hann átti það til að gleyma því þegar hann fór á bak. Bragi fór þó ekki alveg óskaddaður úr áfangum en hann tók upp á því að detta af baki í öðrum reiðtúr. Bragi meiddi þó aðeins egóið sitt en rekstrarhringurinn hér á Mið-Fossum kom verst út því enn er verið að bera mól í gíginn eftir Braga. Segja má með sanni að Bragi og hrossin sem hafa fylgt honum síðastliðin tvö ár hafa tekið miklum framförum og má búast við að hann verði einn okkar allra fremsti hrossaræktandi á komandi árum.



HEIÐRÚN HRUND SIGURÐARDÓTTIR



TAMNINGATRIPI

Kolbrá frá Hemru 2019

Moldótt

Móðir: Kilja frá Kanastöðum

Faðir: Draupnir frá Stuðlum

Eigandi og ræktandi:

Sigurður Ómar Gíslason

REIÐHESTUR

Una frá Seljabrekku 2007

Grá

Móðir: Æsa frá Frostastöðum

Faðir: Huginn frá Haga I

Ræktandi: Þorvaldur Kristjánsson

Eigandi: Ágústa Sól Pálsdóttir

Beint úr Skaftártungunni (betri sýslunni) kom hún Heiðrún Hrund. Á fyrsta árinu var Heiðrún Hrund með hana Birtu sína. Áttu þær gott samband með örlitlum hæðum og lægðum en áttu þær farsælan endir. En í eitt sinn þegar lagt var á í reiðtúr í Borgfirska frostinu og kuldanum sem þær stöllum þekktu ekki úr sunnlenska blíðviðrinu, rann merin í hálkunni sem olli því að Heiðrún datt af og viðbeinsbraut sig.

En á öðru ári kom hún með Unu frá Seljabrekku sem er feikna viljug meri og býr yfir miklu skeiði. Heiðrún hefur gaman að því að fara hratt yfir og ekki er verra fyrir hana að vera með hana Unu með sér í þeim túrum því henni

finnst einnig gaman að fara hratt og er henni best lýst sem grárri byssukúlu. Því er sárt að ekki er keppt í skeiði á Skeifudaginn en eflaust myndu þær tvær slá öll tímamet.

Hún Heiðrún kom með hryssuna Kolbrá í tamningar hér í vetur og sást strax að þær eiga það sameiginlegt að láta ekki segja sér til verka. En það vildi svo heppilega til að þær eru oftast sammála og tamningin gekk klakklaut fram. Heiðrún er Skaftártungunni til sóma og ef þið verðið á ferðinni um Skaftártunguafrétt í haust munuð þið eflaust sjá þær tvær með vænan fjárhóp á undan sér.

HILDUR ÓSK ÞÓRSDÓTTIR



TAMNINGATRIPI

Árvakur frá Naustum 2018

Rauður tvístjörnöttur

Móðir: Vænting frá Naustum

Faðir: Múli frá Bergi

Ræktandi: Borghildur Gunnarsd.

Eigandi: Hildur Ósk Þórsdóttir

REIÐHESTUR

Sindri frá Hrísdal 2010

Brúnn

Móðir: Dagsbrún frá Söðlagerði

Faðir: Blær frá Torfunesi

Ræktandi: Hallur Pálsson og Hildur Ósk

Eigandi: Hildur Ósk Þórsdóttir

Hún Hildur kemur hér rétt að handan, af Snæfellsnesinu. Á fyrsta ári mætti hún með Mána og áttu þau gott samspil. Hún talaði alltaf um hvað hann gæti allt. Jú, við fengum að sjá að gott samspil væri á milli þeirra. Þegar líða fór á veturinn og hugur fór að færast í Hildi þá lét hún okkur nú vita af því að það væri nú einn á Snæfellsnesinu sem væri mun betri í öllu en hann Máni og við ættum bara að bíða og sjá. Svo á öðru árinu mætti hún með hann, Sindra frá Hrísdal. Hún var sko ekkert smá kokhraust með þennan stóra og myndarlega brúna klár, því miður tókst svo ekki jafn vel til með þann brúna eins og Hildur hafði vonast til þar sem hann var með stag og því þurfti hann að sitja hjá. Þá var nú gott að vera með mikinn snilling

eins og Mána í farteskinu til þess að stökkva í skarðið meðan Sindri jafnaði sig.

Eftir áramót mætti hún með hann Árvak til leiks, markmiðið var að temja hann. Árvakur líkist Hildi að miklu leyti en þau bæði eiga það til að vera með stuttan þráð. Því er ekki sjaldséð sjón að sjá þau tvö í miklum rökræðum sem Hildur almennt sigrar, en hún Hildur lætur fáa hluti stöðva sig og er fljót að finna lausn á vandamálunum. Hildur hefur líka verið frumkvöðull í vetur í frumtamningunum en hún er eflaust sú fyrsta til að stólvenja trippi (það er vesen að vera smár, með svo stóran klár). Ekki er hægt að segja annað en að hún Hildur sé alltaf að fara á hærra plan þó svo hún þurfi stól til þess.



JESSINIA WALLACH



TAMNINGATRIPPI

Dægra frá Heynesi 2020

Grá

Móðir: Vaka frá Miðkoti

Faðir: Vonandi frá Halakoti

Eigandi og ræktandi:

Magnús Ingimarsson

REIÐHESTUR

Fláki frá Giljahlíð 2013

Rauðskjóttur

Móðir: Flóka frá Giljahlíð

Faðir: Lukku-Láki frá Stóra-Vatnssk.

Ræktandi: Hildur Edda og Guðmundur S. Pétursson

Eigandi: Hildur Edda Þórarinsdóttir

Yfir hið ólgandi haf kom Jessie eða nánar tiltekið frá Þýskalandi. Hún var búin að átta sig á því að það væri hagstæðara að flytja sig til Íslands en að flytja hrossin út. Hún kom fyrst hér á Hvanneyri með hestinn Garra frá Gilsárteigi og náðu þau vel saman fyrstu önnina. Á öðru ári kom hún með skuggann sinn hann Víking sem er einnig frá Gilsárteigi. Hún og Víkingur virkuðu svo vel saman að þau ákváðu að hefðbundinn íslensk reiðmennska væri ekki nógu stórt verkefni fyrir þau. Hún byrjaði þá að kenna honum hinar ýmsu listir þar má nefna að þrjóna, spænska sporið og margt fleira. Það eina sem vafðist fyrir þeim var að kenna honum að leggjast en eftir miklar æfingar og ákveðin misskilning var hann Víkingur búin að læra að víkja undan fæti á 16

hnjánum! En síðan kom í ljós að hann væri með magasár. Þá var hún fljót til að redda sér öðrum hesti og þurfti ekki að leita lengra en í næstu stíu og fékk graðhestinn Fláka frá Giljahlíð. Hún og Fláki reyndust hið besta par og hafa sigrast á öllum hindrunum sem hafa verið í þeirra vegi.

Hún Jessie mætti með hryssuna Dægru í tamningu. Hún Dægra er hið mesta blóm og lætur fáa hluti trufla sig. Hún Jessi lætur hlutina ekki bíða en þegar samnemendur hennar voru fyrst að byrja að ríða trippunum utan hringgerðisins þá voru Jessie og Dægra löngu komnar út í langreiðtúra. Hún Jessie er mikil hestakona og verður eflaust farin að þjálfa hross í mörgum löndum í nærkominni framtíð.

JÓN HALLDÓR TORFASON



TAMNINGATRIPI

Kvika frá Fáskrúðarbakka 2019

Rauðnösótt

Móðir: Lipurtá frá Fáskrúðarbakka

Faðir: Kristall frá Hrafnkelsstöðum

Eigandi og ræktandi:

Kristján Þór Sigurvinsson

REIÐHESTUR

Stúlka frá Álftártungu 2015

Rauð

Móðir: Stikla frá Brjánslæg 1

Faðir: Káinn frá Leysingjastöðum II

Ræktandi: Sigurður Arilússon

Eigandi: Ólöf Birna Torfadóttir

Jón Halldór er ættaður úr Meðallandinu þó hann sé nú mun meira en einhver meðal maður. Hann bendli sig á önnur landssvæði eftir hentugsemi, kom hér í reiðmennsku reynslu lítill eða það er að segja svo til reynslulaus en hefur svo sannarlega sýnt að það er aldrei of seint að byrja. Hann og reiðhryssan hans Stúlka hafa riðið á hvert vað í vegi þeirra og þó að stundum hafi samnemendum litist illa á blikuna komast þau alltaf klakklaust yfir. Jón setur alltaf þægindin í fyrsta sæti, hvort sem það varðar klæðnað eða öryggismál en þegar Guðbjartur spurði Jón út í ásetuna hans svaraði hann drýgindalega að “ef ég halla mér fram er ég alltaf tilbúin að detta”, sem hann svo sannreyndi aðeins tveimur dögum síðar þegar hryssan missti framfæturna undan sér og jú hann lá flatúr.

Tamningatrippið hans Jóns, hún Kvika vakti strax mikla athygli hjá fólkinu upp á Mið-Fossum og margir spurðu sig hvort hann hefði flutt inn pónýhest. En stærðin hennar Kviku stöðvaði hann Jón ekki og ríður hann henni eins og hverju öðru hrossi. Skemmtilegt var að sjá þegar hún Kvika var járnúð, hún lyfti svo mikið að Jón þurfti að passa sig að halla sér ekki of mikið fram því þá fengi hann bara framfæturnar á henni í andlitið. Þar sannaði það sig hversu mikill hestamaður Jón er í raun og veru þar sem hann er strax komin með tvær víga hágengar merar sem hann getur sett brátt í ræktun.

Jón Halldór á bjarta framtíð með þessar tvær í takinu og það er aðeins tímaspursmál hvenær við sjáum þau öll á kynbótabrautinni.



LÁRA GUÐNADÓTTIR



TAMNINGATRIPI

María frá Skipanesi 2020

Brún

Móðir: Hraundís frá Skipanesi

Faðir: Safír frá Mosfellsbæ

Ræktandi: Stefán Gunnar Ármannsson

Eigandi: Guðbjartur Þ. Stefánsson, Ásta Marý Stefánsdóttir og Svandís Lilja Stefánsdóttir

REIÐHESTUR

Vífill frá Lynghól 2016

Fífilbleikur

Móðir: Sif frá Syðstu-Görðum

Faðir: Stúdent frá Ketilsstöðum

Ræktandi: Guðni Þórðarson

Eigandi: Guðni Þórðarson og Lára Guðnadóttir

Hún Lára Guðnadóttir eða eins og samnemendur hennar kalla hana "afdalabóndinn" kemur alla leið úr Skriðdalnum að austan. Hún mætti með hestinn sinn Vífil frá Lynghól sem hefur fylgt henni í gegnum alla reiðmennsku áfangana hér á Hvanneyri. Hún og Vífill eiga ekki margt sameiginlegt þar sem Lára er eins og skopparabolti sem aldrei stoppar og Vífill sem helst vill liggja í sófanum allan daginn, ef sófar væru til fyrir hesta. Því hefur lærdómsferlið fyrir Láru verið langt og strangt þar sem hún hefur alist upp við hesta sem hugsa bara fram og það er ekki hægt að segja um hann Vífil. Vífill hefur mikið jafnaðargeð og ekki er hægt að finna traustari hest þó að víða væri leitað. Tími Láru á Mið-Fossum hefur þó ekki bara farið í reiðtíma en hægt er að segja hún sé einnig að

útskrifast úr dýralækninum en hann Vífill tók upp á því að fá hrossasótt sex sinnum. Í reiðmennsku III kom Lára með hryssuna Dögun til að temja. Lára komst þó fljótt að því að Dögun hafði ekki jafnaðargeðið hans Vífils. Lára lét það þó ekki stoppa sig þegar Dögun hrekkti án hnakksins, með hnakkin á ganginum og í lónseringu skellti hún sér á bak. En eftir að hafa setið hrekki betur en besti ródeókúreki Texas náði hún að tvíbrjóta á sér handlegginn. Sá þá Guðbjartur tækifærið og var fljótur að bjóða henni að temja trlppi frá sér. Þá kynntist hún nýja trippinu Maríu og úr varð þessi blómstrandi vinátta milli manns og hests. Þær smullu strax saman og á aðeins tveimur vikum náði Lára að gera jafn mikið með Maríu og samnemendur gerðu á fjórum mánuðum.

SUNNA LIND SIGURJÓNSDÓTTIR



TAMNINGATRIPI

Petra frá Ytri-Skógum 2020

Rauð, halastjörnótt

Móðir: Gnótt frá Ytri-Skógum

Faðir: Eldur frá Hvolsvelli

Ræktandi: Ingimundur Vilhjálmsson

Eigandi: Sigurjón Pálsson

REIÐHESTUR

Kveikur frá Efstu-Grund 2017

Rauðstjörnóttur

Móðir: Brenna frá Efstu-Grund

Faðir: Skýr frá Skálakoti

Eigandi og ræktandi: Sunna Lind Sigurjónsd.

Sunna Lind f auk undan Fjöllum úr brjálaðri blíðu af bænum Efstu-Grund. Hún þóttist vera langlærð af hestabrautinni á Selfossi og lét oft ekki segja sér til verka. Hún átti það til að fara í öfuga átt við alla hina og laumaðist undan verkefnum sem henni þótti tilgangslaus og bara fór í eitthvað annað. Guðbjartur lýsti henni stundum sem forystuær, fer sínar leiðir og í allt aðra átt en hinir. Hún Sunna kom með einkahestinn sinn Kveik sem hún tamdi og þjálfaði. Hann Kveikur er mikill gæðagripur og fær mörg hrós og þá er Sunna fljót að benda á að hann er Skýssonur.

Hún Sunna kom með hana Petru í tamningar sem er jú undan Skýssyni (kemur á óvart). Byrjunin á trippinu líktist því að vera kominn


í villta vestrið og þurfti Sunna liggur við að snara hana inn í stíu til að komast í návígi við hana. Horfðu bekkjarfélagarnir undrandi á og töldu hana best setta með kartöflum og smjeri. Breyttist villihesturinn þó fljótt í algjört gæludýr og eltir Sunnu eins og hundur og vill allt fyrir hana gera ásamt því að kela mikið við gjafafólkið á Mið-Fossum. Þegar þessi breyting varð á Petru varð Sunna eins og lítið barn á aðfangadagsmorgun og vildi komast á bak. Sama hvað Sunna spurði oft svaraði Guðbjartur neitandi að hún mætti ekki fara á bak strax! Læddist þá Sunna í skjóli nætur og skellti sér á bak (bara aðeins til að prufa). Lesendur athugið að þið megið brátt sjá þær tvær á kynbótabrautinni enda báðar gæðagripir.



Vinningshafar Skeifunnar

- 2023: Aníta Ýr Atladóttir, Syðri-Hofdölum
2022: Helgi Valdimar Sigurðsson, Skollagróf
2021: Laufey Rún Sveinsdóttir, Sauðárkróki
2020: Vildís Þrá Jónsdóttir, Hítarnesi
2019: Guðjón Örn Sigurðsson, Skollagróf
2018: Gunnhildur Birna Björnsdóttir, Bæjarsveit
2017: Harpa Björk Eiríksdóttir, Gríshóli
2016: Þorbjörg Helga Sigurðardóttir, Skollagróf
2015: Jón Óskar Jóhannesson, Brekku, Blásk.
2014: Elísabet Thorsteinsson, Króki
2013: Harpa Birgisdóttir, Kornsó
2012: Svala Guðmundsdóttir, Sauðárkróki
2011: Ditte Clausen, Sauðárkrókur
2010: Franziska Kopf, Lýsuhól, Snæf.
2009: Hlynur Guðmundsson, Ytri-Skógum, Rang.
2008: Ragnhildur Anna Ragnarsdóttir, Kópavogi
2007: Halla Kjartansdóttir, Ölvisholti, Flóa
2006: Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti, Flóa
2005: Hallveig Guðmundsdóttir, Reykjavík
2004: Sigríður Ólafsdóttir, Víðidalstungu, V-Hún.
2003: Einar Atli Helgason, Snartarstöðum, N-Þing.
2002: Guðmundur Bjarni Jónsson, Hóli, N-Ís. (Bolung-
arvík)
2001: Erlendur Ingvarsson, Hvolsvelli (Skarð, Rang.)
2000: Hallfríður Ósk Ólafsdóttir, Víðidalstungu, V-Hún.
1999: Sigríður Kristín Sverrisdóttir, Skriðu, Hörgárdal
1998: Ísólfur Línal Þórisson, Lækjarmóti, V-Hún (Hólar)
1997: Camilla Munk Sörensen, Danmörku (Fagranes,
Skag.)
1996: Jón Kristinn Garðarsson, Brennu, Borg. (Mos-
fellsbær)
1995: Brynja S. Birgisdóttir, Hveragerði
1994: Hallgrímur Sveinn Sveinsson, Vatnshömrum
1993: Þórður Þorbergsson, Akranesi
1992: Jósep Guðjónsson, Strandhöfn, Vopnafirði
1991: Ragnhildur Guðrún Benediksdóttir, Krossanesi,
V-Hún.
1990: Friðrik H. Reynisson, Hlíðarbergi, A-Skaft.
1989: Guðlaugur V. Antonsson, Vík, V-Skaft. (Hvanneyri)
1988: Böðvar Baldursson, Ysta-Hvammi, S-Þing.
1987: Jóhann Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi, S-Múl.
1986: Vignir Sigurðsson, Húsavík (Litla-Brekka, Eyjaf.)
1985: Þór Bjarnar Guðnason, Selfossi (Flúðir, Kópavatn)
1984: Rúna Einarsdóttir, Mosfelli, A-Hún. (Þýskaland)
1983: Elín Rósa Bjarnadóttir, Reykjavík (Blönduós)
1982: Sverrir Möller, Reykjavík
1981: Sigurjón Bjarnason, Hvoli, Ölfusi
1980: Meyvant Lúter Guðmundsson, Reykjavík
1979: Hróðmar Bjarnason, Hvoli, Ölfusi
1978: Þórir Magnús Lárusson, Þórukoti, V-Hún. (Holts-
múli)
1977: Hreggviður Eyvindsson, Reykjavík (Svíþjóð)
1976: Óskar E. Sverrisson, Andakílsárvirkjun, Borg.
(Borgarnes)
1975: Jón G. Halldórsson, Krossi, Borg. (Borgarnes)
1974: Guðmundur Jónsson, Reykjum, Mosfellssveit
1973: Benedikt Línal Þorbjörnsson, Reykjavík (Staður,
Borgarnes)
1972: Guðmundur S. Einarsson, Dalsmynni, Árn.
1971: Ragnar Hinriksson, Reykjavík (Borgarnes, nú Rvík)
1970: Guðni Vignir Jónsson, Götu, Rang.
1969: Karl Ölvirsson, Þjórsártúni, Rang.
1968: Agnar Kristjánsson, Norðurhlíð, S-Þing.
1967: Bjarni Kristjánsson, Reynivöllum, Kjós (Þorlaks-
staðir)
1966: Sigurbjörn Ómar Ragnarsson, Hvalgröfum, Dal.
(Rvík).
1965: Þröstur Bjarkar Snorrason, Stardal, Stokkseyri
(Tóftir)
1964: Reynir Aðalsteinsson, Rvík. (Sigmundarstaðir,
Borg., Hvanneyri)
1963: Guðmundur Þór Gíslason, Reykjavík (Torfastaðir,
Árn.)
1962: Guðmundur Hermansson, Reykjavík (Fjall, Skag.,
Reykjavík)
1961: Haraldur Sveinsson, Hrafnkelsst., Árn.
1960: Sigfús Guðmundsson, Reykjavík (Vestra-Geldin-
holt, Árn.)
1959: Jónas Jónsson, Norðurhjáleigu, V-Skaft. (Kálfholt,
Rang.)
1958: Þórður Ólafsson, Hlíðarenda, Ölfusi (Þorlákshöfn)
1957: Örn Þorleifsson, Reykjavík (Húsey, N-Múl.)
1956: Sigurgeir Ísaksson (engin skeifa)

Svipmyndir af Grana viðburðum Mjólkurtölt





Svipmyndir af Grana viðburðum Gæðingamót



Svipmyndir af Grana viðburðum Grímutölt





Folatollar

- IS2015186901
DRAUMUR FRÁ FETI
F: Arion frá Eystra-Fróðholti
M: Jónína frá Feti
A.e. 8,20
- IS2019184011
NEISTI FRÁ YTRI-SKÓGUM
F: Konsert frá Hofi
M: Gefjun frá Ytri-Skógum
Ósýndur
- IS2018156285
KASPAR FRÁ STEINNESI
F: Jarl frá Árbæjarhjáleigu
M: Kolfinna frá Steinnesi
A.e. 8,31
- IS2017184162
KÓR FRÁ SKÁLAKOTI
F: Konsert frá Hofi
M: Sál frá Skálakoti
A.e. 8,33
- IS2019184012
HRAFN FRÁ YTRI-SKÓGUM
F: Skýr frá Skálakoti
M: Gnótt frá Ytri-Skógum
Ósýndur
- IS2019167171
SILFRI FRÁ SAUÐANESI
F: Knár frá Ytra-Vallholti
M: Sunna frá Sauðanesi
Ósýndur
- IS2019184159
FRÆNDI FRÁ SKÁLAKOTI
F: Forkur frá Breiðabólstað
M: Vök frá Skálakoti
Ósýndur
- IS2018187371
RÆÐU-JARL FRÁ
BRÚNASTÖÐUM 2
F: Jarl frá Árbæjarhjáleigu
M: Blökk frá Brúnastöðum
A.e. 8,09
- IS2019167180
GRÍMÚLFUR FRÁ SAUÐANESI
F: Knár frá Ytra-Vallholti
M: Prýði frá Ketilstöðum
Ósýndur
- IS2016184746
ÓRÍON FRÁ STRANDARHÖFÐI
F: Loki frá Selfossi
M: Orka frá Bólstað
A.e. 8,22
- IS2019186772
GLÓI FRÁ SKARÐI
F: Skýr frá Skálakoti
M: Tíbrá frá Minni-Völlum
Ósýndur
- IS2020165864
SVEPPUR FRÁ BRINGU
F: Hreyfill frá Vorsabæ
M: Tvenna frá Bringu
Ósýndur
- IS2021180610
GALSI FRÁ HEMLU II
F: Bassi frá Hemlu II
M: Gleði frá Hemlu II
Ósýndur
- IS2019165864
SÓKRATES FRÁ BRINGU
F: Draupnir frá Stuðlum
M: Spóla frá Bringu
Ósýndur
- IS2021135589
FALINN FRÁ HÆGINDI
F: Leynir frá Garðshorni á
Pelamörk
M: Flæsa frá Hesti
Ósýndur
- IS2018184438
KRAFTUR FRÁ SVANAVATNI
F: Magni frá Hólum
M: Orka frá Ytri-Skógum
A.e. 8,17
- IS2020165868
NN FRÁ BRINGU
F: Adrían frá Garðshorni
M: Sprunga frá Bringu
Ósýndur
- IS2006136584
ABEL FRÁ ESKIHOLTI II
F: Klettur frá Hvammi
M: Alda frá Úlfjótuvatni
A.e. 8,29

- IS2019184501
KJARVAL FRÁ SKÍÐBAKKA III
F: Kiljan frá Steinnesi
M: Hetja frá Efsta-Dal I
Ósýndur
- IS2019137855
SAFÍR FRÁ SÖÐULSHOLTI
F: Arion frá Eystra-Fróðholti
M: Donna frá Króki
Ósýndur
- IS2019101721
KÓPUR FRÁ HRAFNSHÓLI
F: Grunur frá Oddhóli
M: Ósk frá Lækjarbotnum
Ósýndur
- IS2018157338
VISKUSTEINN FRÁ ÍBISHÓLI
F: Óskasteinn frá Íbishóli
M: Ríma frá Gýgjarhóli
A.e. 8,32
- IS2011137860
GREIFI FRÁ SÖÐULSHOLTI
F: Álfur frá Selfossi
M: Blæja frá Svignaskarði
A.e. 8,23
- IS2021165609
KORPUR FRÁ HRAFNAGILI
F: Sindri frá Hjarðatúni
M: Guðbjört frá Úlfstöðum
Ósýndur
- IS2015186669
BLESI FRÁ HEYSHOLTI
F: Jarl frá Árbæjarhjáleigu
M: Vakning frá Heysholti
A.e. 8,48
- IS2014165338
TUMI FRÁ JARÐBRÚ
F: Trymbill frá Stóra-Ási
M: Gleði frá Svarfhóli
A.e. 8,61
- IS2017135403
JAKI FRÁ SKIPANESI
F: Nökkvi frá Syðra-Skörðugili
M: Þoka frá Laxholti
A.e. 7,90
- IS2016101056
ÞÓR FRÁ HEKLUFLÖTUM
F: Stormur frá Herríðarhóli
M: Elding frá Árbæjarhjáleigu
A.e. 8,24
- IS2007157591
KNÁR FRÁ YTRA-VALLHOLTI
F: Sær frá Bakkakoti
M: Gletta frá Ytra-Vallholti
A.e. 8,47
- IS2016188217
HÁGANGUR FRÁ MIÐFELLI
F: Hringur frá Gunnarstöðum I
M: Brúð frá Syðra-Skörðugili
A.e. 7,75
- IS2013145100
STRAUMUR FRÁ HRÍSHÓLI
F: Þytur frá Skáney
M: Embla frá Hæringsstöðum
A.e. 8,02
- IS2013167180
SMÁRI FRÁ SAUÐANESI
F: Smári frá Skagaströnd
M: Prýði frá Ketilsstöðum
A.e. 8,45
- IS2019135855
NN (LEGÓLAS) FRÁ GILJAHLÍÐ
F: Ljósálfur frá Syðri-
Gegnishólum
M: Flækja frá Giljahlíð
Ósýndur
- IS2011181430
GRÍMUR FRÁ SKÓGARÁSI
F: Herjólfur frá
Ragnheiðarstöðum
M: Lind frá Ármóti
A.e. 8,25
- IS20000135888
FÁLKI FRÁ GEIRSHLÍÐ
F: Oddur frá Selfossi
M: Dögg frá Geirshlíð
A.e. 8,07
- IS2019135855
Ósýndur ungfóli frá Kerhóli
- IS2017101042
SJAFNAR FRÁ SKIPASKAGA
F: Kvarði frá Skipaskaga
M: Sjöfn frá Akranesi
A.e. 8,45
- IS2015186901
STARDAL FRÁ STÍGHÚSI
F: Álfarinn frá Syðri-Gegnishólum
M: Álöf frá Ketilsstöðum
A.e. 7,99
- IS2021180545
DESERT FRÁ BALDURSHAGA
F: Ellert frá Baldurshaga
M: Hetja frá Baldurshaga
Ósýndur



KOMDU Í BÚFRÆÐI

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5.JÚNÍ



Kynntu þér spennandi
námsmöguleika hjá okkur
á sviðum sem skipta
máli í framtíðinni



Ibhi.is